

HD sameinar reynslu, sérþekkingu og öfluga þjónustu sem heldur íslenskum iðnaði gangandi.

**Hafðu samband
og fáðu ráðgjöf frá
sérfræðingum HD:**

sala@hd.is
+354 560 3600



Þinn þjónustuaðili í sjávarútvegi



Ykkar þarfir
– okkar drifkraftur

HD stendur vörð um rekstraröryggi

Þegar skip liggja við bryggju eða lykklbúnaður stöðvast skiptir hver klukkustund máli. Með reynslu, sérþekkingu og öflugri þjónustu hjálpar HD fyrirtækjum í sjávarútvegi að lágmarka niðurtíma og halda rekstrinum gangandi.

- Sérhæfð þjónusta fyrir sjávarútveg
- Búnaður og ráðgjöf
- Ástandsgreining og vöktun
- Þykktamælingar skipa



Heildstæð þjónusta

Traustar lausnir byggðar á reynslu og fagmennsku

Áreiðanlegur rekstur er lykilforsenda í sjávarútvegi. Þegar skip liggja við bryggju eða vinnslubúnaður stöðvast skiptir hver klukkustund máli. Því er mikilvægt að hafa traustan þjónustuaðila sem getur brugðist hratt við og tryggt faglega framkvæmd, hvort sem um er að ræða fyrirbyggjandi viðhald, uppsetningar eða bráðaviðgerðir.

HD er eitt stærsta iðn- og tæknipjónustufyrirtæki landsins og hefur í yfir 25 ár þjónustað íslenskan sjávarútveg. Fyrirtækið býður heildstæða þjónustu sem spannar allt frá ráðgjöf og verkfræðihönnun til smíði,

uppsetningar, viðhalds, viðgerða og ástandsgreiningar. Með öflugum verkstæðum, sérhæfðri vettvangsþjónustu og reynslumiklu fagfólki þjónustar HD útgerðir, fiskvinnslur og önnur fyrirtæki í sjávarútvegi um allt land.

Sérhæfð þjónusta fyrir sjávarútveg

HD þjónustar sjávarútveginn á öllum stigum, frá undirbúningi landlegu og reglubundnu viðhaldi til umfangsmikilla viðgerða, breytinga og nýsmíði. Þjónustan byggir á áratuga reynslu þar sem rekstraröryggi, skjót viðbrögð og fagleg framkvæmd skipta sköpum.

- Stálsmiði - sérhæfð þekking á stálskipasmíði
- Vélaviðgerðir
- Toghlerasmíði og -viðgerðir
- Dæluviðgerðir
- Vökvatjakkþjónusta – viðgerðir og nýsmíði
- Varahlutaþjónusta
- Uppsetningar vélbúnaðar og kerfa
- Reglubundið viðhald og þjónustusamningar

Gæði sem standast kröfur iðnaðarins

HD starfar samkvæmt alþjóðlegum gæðastöðlum og vottuðum verkferlum sem tryggja fagleg vinnubrögð og áreiðanlega framkvæmd í öllum verkefnum.

➤ ISO 9001:2015
Gæðastjórnun og stöðugar umbætur.
➤ EN ISO 3834-2
Vottaðir suðuferlar samkvæmt alþjóðlegum gæðakröfum
➤ EN 1090 (EXC1–EXC4)
Vottuð framleiðsla stálvirkja.

Búnaður og ráðgjöf

HD býður fjölbreytt úrval búnaðar fyrir sjávarútveg frá traustum framleiðendum. Reynsla og tæknileg þekking

tryggja faglega ráðgjöf við val á búnaði, ásamt uppsetningu, gangsetningu, varahlutaþjónustu og viðhaldi.

Dælur – fjölbreytt úrval	Eftirlitsbúnaður	Ráðgjöf, uppsetning og gangsetning
Rafmótorar, mótornir	Áspétti	Kristjánsbúr
Lokar og drif	Varahlutir og fylgibúnaður	

Fagmennska sem tryggir öryggi, skilvirkni og rekstrarárangur



➤ Þykktarmælingar skipa

HD framkvæmir þykktarmælingar á skipum og stálmannvirkjum til að meta ástand efnis og fyrirbyggja slit og tæringu. Mælingar eru framkvæmdar samkvæmt viðurkenndum stöðlum og kröfum flokkunarfélaga, meðal annars **DNV** og **Bureau Veritas**.

Niðurstöðurnar styðja við reglubundið eftirlit, viðhaldsáætlanir og mat á ástandi skipa og mannvirkja.



➤ Ástandsgreining og viðhaldsstjórnun



HD býður ástandsgreiningu og vöktun sem styður fyrirbyggjandi viðhald og hjálpar fyrirtækjum að skipuleggja viðhald á réttum tíma, draga úr niðritíma og lengja líftíma búnaðar.

Lausnirnar geta tengst viðhaldskerfum sem þegar eru í notkun hjá íslenskum útgerðum. Þannig nýtast upplýsingar um ástand búnaðar betur við skipulag og framkvæmd viðhalds, með það að markmiði að draga úr óvæntum stoppum og lengja líftíma búnaðar.

Þjónustan nær m.a. til:

- Ástandsgreininga og mælinga
- Sívöktunar vélbúnaðar
- Fjarvöktunar og gagnaskráningar
- Titringsmælinga
- Ástandsdrifins viðhalds